

Sem starfandi óperusöngkona, prófessor og fagstjóri söngs í Listaháskóla Íslands fagna ég þeim tækifærum sem Þjóðarópera mun bjóða upp á fyrir listformið óperu og óperusöngnám.

Frá sjónarhóli háskólamenntunar í söng er þetta mikilvægt skref þar sem menntun söngvara á Íslandi hefur mest verið fyrir starfsvettvang erlendis. Þetta mun gjörbreyta landslaginu og gefa sönglistinni byr undir báða vængi. Það er dásamlegt að heyra að loks fái söngvarar starfsmöguleika á Íslandi við það sem þeir hafa lagt ómælda vinnu og metnað í að mennta sig í. Einnig fá íslenskir óperuunnendur kærkomið tækifæri til að upplifa unga og upprennandi söngvara við hlið reyndari óperusöngvara þjóðarinnar í reglulegum uppfærslum og viðburðum á vegum Þjóðaróperunnar.

Listaháskóli Íslands á í virku samstarfi við fjölda háskóla á Norðurlöndum og víðar í Evrópu um menntun óperusöngvara. Við stofnun Þjóðaróperu skapast mörg sóknarfæri þar sem Þjóðarópera og söngnámsleið tónlistardeildar og fleiri námsleiðir sem tengjast sviðslistum innan Listaháskólans Íslands fengi tækifæri til að þróa mögulegt samstarf t.d. í formi óperustúdíós. Eitt mikilvægasta markmiðið þess væri að kynna og tengja unga söngvara við starfsumhverfið sem er ómetanleg viðbót í þjálfun upprennandi óperusöngvara. Hæfileikaríkir ungir söngvarar fengju tækifæri til að öðlast sína fyrstu starfsreynslu og vinna með fagfólki og reyndari söngvurum. Óperustúdíó er vettvangur sem bíður upp á möguleika til að brúa bilið frá því að nemendur ljúka söngnámi og hefja feril og jafnframt bjóðast tækifæri til fyrirsöngs og möguleika á að taka að sér smærri og stærri hlutverk á aðalsviðinu. Með þessu móti nýtast hæfileikar dagsins í dag fyrir óperu morgundagsins!

Ég vona sannarlega að frumvarp um breytingar á sviðslistalögum nr. 165/2019 með nýjum kafla um Þjóðaróperu verði að lögum. Þessi tímamót í íslensku tónlistar- og menningarlífi skapa spennandi tækifæri fyrir söngvara, tónskáld, leikstjóra, sviðshöfunda, dansara framtíðarinnar og óperulistformið fær loks þann sess sem það á skilið.

Hanna Dóra Sturludóttir
óperusöngkona
söngkennari, prófessor og fagstjóri söngs við Listaháskóla Íslands